

Mats- og hæfisnefnd skv. reglugerð 467/2015

Dags: 19. desember 2019

Matsheimsókn á Öldrunarlækningadeild, Meðferðarsviði, Landspítala (Landakoti), framkvæmd 15.11.2019

Úttektaraðilar frá Mats- og hæfisnefnd: Reynir Tómas Geirsson, Magnús Karl Magnússon og Svafa K. Pétursdóttir, ritari nefndarinnar.

Dagsetning heimsóknar: 15. Nóvember 2019.

Staðsetning: Landakot, K4, öldrunarlækningadeild Landspítala-háskólasjúkrahúss (LSH).

Viðmælendur: Pálmi V. Jónsson, prófessor/yfirlæknir, Anna Björg Jónsdóttir og Steinunn Þórðardóttir, yfirlæknar; Ólafur H. Samúelsson og Konstantín Shcherbak, sérfræðilæknar; Alexander Gabríel Guðfinnsson, Ásta Ísold Jónasdóttir og Þórunn Helga Felixdóttir, sérnámslæknar (lyflækningasviði); Helga Atladóttir, deildarstjóri, Bergþóra Baldursdóttir og Helga Auður Jónsdóttir, sjúkraþjálfarar, Landakoti.

Um úttektina:

Heimsóknin hófst kl. 13. Pálmi V. Jónsson og Anna Björg Jónsdóttir tóku á móti nefndarmönnum og ritara. Gengið var um helstu einingar Landakots og aðstaðan skoðuð m.t.t. sérnáms lækna.

Sérfræðilæknar hafa sameiginlega aðstöðu á 4. hæð, K4. Rannsóknarstofa Háskóla Íslands og Landspítala í öldrunarfræðum (RHLÖ) er með aðsetur á 5. hæð, L5. Útskriftardeild aldraðra á 2. hæð, L2, var heimsótt og rætt við Helgu Atladóttur deildarstjóra. Á 3. hæð, K3, var skoðuð aðstaða iðju- og sjúkraþjálfunar og rætt við Dr. Bergþóru Baldursdóttur og Helgu Auði Jónsdóttur, sjúkraþjálfara. Alls eru sérfræðilæknar 17 í 14 stöðugildum og hafa allir farið á Royal College of Physicians kennslunámskeið fyrir sérnámsleiðbeinendur (e. educational supervisors).

Á RHLÖ er yfirumsjón með rannsóknum í öldrunarfræðum, styrkveitingum og aðstöðu vegna rannsókna. Vinnuaðstaða er góð, fagaðilar til staðar vegna varðandi verkefna eða rannsókna og til þjálfunar fólks í akademískri vinnu. RHLÖ er í víðtæku samstarfi, þ.m.t. við Hjartavernd og Íslenska erfðagreiningu, s.s. um Alzheimer sjúkdóminn, langlífi, Parkinson sjúkdóminn og lyfjarannsóknir. Meðal sérfræðilækna í öldrunarlækningum sem hafa tekið þátt í þeim

rannsóknnum eru Ólafur H. Samúelsson, Sigurbjörn Björnsson, Pálmi V. Jónsson og Jón Snædal. Rannsóknarstofan hefur stuðning varðandi bókhald frá fjármálasviði Landspítalans.

Útskriftardeild aldraðra er 18 rúma endurhæfingardeild á 2. hæð Landakots og hefur verið starfrækt síðastliðin þrjú og hálf ár. Á deildinni er sameiginlegt skrifstofurými með tölvum fyrir lækna og hjúkrunarfræðinga. Unnið er í tveimur þverfaglegum teyjum. Í teymunum eru læknar, hjúkrunarfræðingar, iðjuþjálfarar, sjúkraþjálfarar og næringarfræðingar. Einn sérfræðilæknir hefur umsjón með starfseminni, en deildarlæknar vinna í sitt hvoru teyminu. Alþjóðlegt matskerfi frá alþjóðasamtökunum InterRAI-PAC er notað til að meta aðstæður, þarfir og færni skjólstæðinga á heildrænan hátt. Matið er framkvæmt af hjúkrunarfræðingum, en læknar sjá um sjúkdómsgreiningar og meta lyf skjólstæðinga. Kerfið nýtist til daglegra starfa, forgangsroðunar verkefna, gæðaeftirlits og rannsókna. Mikil samskipti eru við aðrar stofnanir og heilbrigðisstarfsfólk. Deildin fær sjúklinga frá bráðaöldrunarlækningadeild á LSH Fossvogi, frá lungnalækningadeild, heila-, tauga- og bæklunarskurðeild, auk annarra deilda á Landspítala. Deildin útskrifar um 85% skjólstæðinga sinna heim. Auk lækna í starfs- og sérnámi (lyf- og heimilislækningar) eru þar hjúkrunar-, sjúkraliða- og læknanemar.

Skjólstæðingar öldrunarlækninga taka um 1/5 af plássum Landspítalans og öflug greiningarstarfsemi innan öldrunarlækninga er vaxandi á LSH og öflugri en víða annarsstaðar.

Á þriðju hæð, K3, er sjúkraþjálfun og iðjuþjálfun. Deildin er vel innstillt á nemendur, sem koma á þverfaglegum grunni, m.a. í meistaranámi í sjúkraþjálfun. Ný tegund jafnvægisþjálfunar hefur verið þróuð þar í samstarfi við starfsfólk deildarinnar. Tilvísanir eru frá greiningarmóttöku, dag-, göngu- og samfélagsþjónustu, en einnig er endurkomum fyrir eldri mjaðmaaðgerðarsjúklinga sinnt. Hafa læknar beina aðkomu að starfseminni sem er grundvölluð á þverfaglegri samvinnu. Í því ferli kynnast læknanemar og sérnámslæknar störfum sjúkraþjálfara. Bergþóra Baldursdóttir greindi frá jákvæðri reynslu sinni af RHLÖ sem doktorsnemi.

Nefndarformaður gerði grein fyrir matsferlinu á formlegum fundi í fundarsal á 4. Hæð, K4, með forsvarsmönnum deildarinnar og sérnámsins, þ.e. yfirlæknunum Pálma V. Jónssyni, prófessor í öldrunarlækningum, Önnu Björgu Jónsdóttur yfirlækni og kennslustjóra og Steinunni Þórðardóttur, yfirlækni. Sérnámið er sett upp í samræmi við reglugerð nr. 467/2015, annars vegar sem viðbótarsérnám fyrir heimilislækna og hina vegar sem undirsérgrein fyrir lyflækna. Um er að ræða tveggja ára ferli og því er unnt að ljúka viðbótar- eða undirsérgreinanámi á LSH. Rætt var um námsaðstæður, marklýsinguna og stjórnun námsins. Kennsluráð er til staðar.

Kennslustjóri mun hafa ritara í hálfu starfi til að halda utan um kennsluprógrammið (umsýslugrunn starfs- og sérnáms á Landakoti). Matskerfi er sambærilegt við það sem er notað í lyflæknisfræðisernáminu, en er fyrst um sinn í pappíriformi, en ekki rafrænt. Þetta er allt tiltekið í marklýsingunni sem fjallað var um í mats- og hæfisnefndinni í september 2019.

Í samtali við viðmælendur var stuðst við spurningalista mats- og hæfisnefndar sem forsvarsmenn námsins höfðu fengið fyrir matsfundinn. Loggbók námsins var lögð fram og verður send mats-

og hæfisnefnd rafrænt. Við gerð marklýsingar voru höfð til hliðsjónar gögn frá Bandaríkjunum, Svíþjóð, Bretlandi og Ástralíu.

Næst var rætt við tvo leiðbeinendur, Ólaf H. Samúelsson og Konstantín Shcherbak, sérfræðilækna og handleiðara og loks þrjá sérnámslækna, þau Alexander Gabríel Guðfinnsson, Ástu Ísold Jónasdóttur og Þórunni Helgu Felixdóttur. Þau síðastnefndu eru í sérnámsþrógrammi lyflækninga á LSH, en hafa valið að vera hluta af því á öldrunarlækningadeildinni.

Um viðbótar- og undirsérgreinanám í öldrunarlækningum.

Pálmi V. Jónsson, yfirlæknir og prófessor í öldrunarlæknisfræði, fór yfir sögu og stöðu öldrunarlækninga á Íslandi. Sérnámið er skipulagt í þrisvar sinnum 4 mánaða tímabil fyrir hvort sérnámsár. Námsækifæri eru á heilabilunardeild, útskriftardeild aldraðra, meðferðar- og endurhæfingardeildum, á dag-, göngu- og samfélagsdeild, bráðaöldrunarlækningadeild og í ráðgjafarþjónustu öldrunarlækninga við aðrar deildir Landspítalans. Unnt er að taka fjögurra mánaða áfanga á Sjúkrahúsinu á Akureyri og áhugi er fyrir samstarfi/samningum við fleiri stofnanir sem sinna öldrunarþjónustu, s.s. hjúkrunarheimili og stofnanir þar sem sérfræðilæknar í öldrunarlækningum eru starfandi. Raunhæfur fjöldi sérnámslækna eru 3 á ári (mest sex samtals á hinum tveim námsárum) að mati forsvarmanna sérnámsins. Við geta bæst sérnámslæknar úr öðrum greinum, s.s. lyflækningum og heimilislækningum og læknar í starfsnámi (kandidatsár).

Íslenskir sérfræðilæknar í öldrunarlækningum hafa sótt menntun sína til Svíþjóðar, Noregs, Danmerkur og Bandaríkjanna. Öldrunargeðlæknir með menntun frá Þýskalandi kemur fljótlega til starfa og mun byggja upp á ný sérsvið öldrunargeðlækninga. Að auki vantar að sinna betur öldruðum sem lenda í bæklunarskurðlækningum. Allir sérfræðilæknar í öldrunarlækningum á Landakoti hafa sótt handleiðslunámskeið RCP og eru virkir bæði klínískt og að einhverju leyti akademískt. Öldrunarlækningar hafa einkum tengsl við taugalækningar, geðlækningar og lyflækningar, auk heimilislækninga. Þáttur öldrunarlækninga er auk þess vaxandi innan sérnáms í lyflæknisfræði. Allir sérnámslæknar í lyf- og heimilislækningum sem eru við nám á öldrunarlækningadeild koma einn dag í viku á dag- og göngudeild öldrunarlækninga.

Reglubundnir fræðslufundir taka til mánudagsfunda, sem eru tilfellafundir með efni sem tengist öldrunarlækningum eða efni sem getur skapað umræðu sem tengist faginu. Allir tiltækir sérfræðilæknar eru þar. Útbúinn hefur verið tveggja ára efnislisti og áhersla er á að sérnámslæknar fái tækifæri til að tjá sig á þessum fundum. Á miðvikudögum í hádeginu er, farið yfir verkefni úr „Geriatric Review Syllabus“, bandarísku kerfi þar sem sérfræðilæknir er með sérnámslæknum í fjörutíu mínútur og fer yfir sjö til átta spurningar sem þau fá fyrirfram. Þau fá ekki svörin, en fá lesefni (fræðigreinar) til að lesa sér til og undirbúa sig. Á föstudögum eru fundir sem skiptast þannig yfir mánuðinn að tvo föstudaga eru greinafundir, einn föstudag er

vinnufundur og einn föstudag er fundur um ýmis málefni, þ.m.t. lækna ráðsfundir Landspítalans. Sérfræðilæknar standa fyrir þessum fundum en allir sérnámslæknar eiga að sækja fundina. Á fimmtudögum einu sinni í mánuði eru fundir á vegum RHLÖ, þar sem fjallað er um þverfagleg efni og eru sendir með fjarfundarbúnaði út um landið.

Sérnámslæknar eru einnig hvattir til að fara erlendis til að sækja sér sérþekkingu í öldrunarlækningum, t.d. í byltufræðum, geðlækningum og heilabilun. Horft er til þess að sérnámslæknar fái reynslu af námskeiðum/ráðstefnum í öldrunarlækningum í Bandaríkjunum og Bretlandi. Sérfræðilæknar leiðbeina um val á námskeiðum og fundum erlendis.

Sérnámslæknar fá kennslu í að vinna sjálfstætt og í samvinnu/teymisvinnu við aðrar fagstéttir. Einhugur er hjá sérfræðilæknum deildarinnar og í Félagi íslenskra öldrunarlækna um sérnámsprógrammið og eindreginn stuðningur við að prógrammið fari af stað. Sérnámslæknar vilja geta klárað sérnám hér á landi. Hugsanlegt sé að erlendir læknar komi til sérnáms og þekkingaleitar hingað.

Sérnámslæknar munu geta fengið kennslureynslu í tengslum við læknanám í H.Í. sem fram fer á öldrunarlækningadeildinni. Þátttaka í rannsóknum hjá RHLÖ meðal sérfræðilækna öldrunarlækningadeildar hefur verið takmörkuð, en þó einhver og vilji er til að hvetja sérnámslækna til að takast á við gæða- og/eða rannsóknaverkefni með viðeigandi handleiðslu.

Varðandi inntöku í sérnámið þá mun kennsluráðið koma að því, bæði hvað varðar þá sem koma inn í viðbótarsérnámið úr heimilislækningum og þá sem koma úr lyflækningum og nýta námsprógrammið til að fá réttindi í undirsérgrein. Sérfræðilæknar/handleiðarar hafa allir kynnt sér marklýsinguna og sumir hafa komið að vinnunni við að móta hana. Forsvarsmenn námsins og kennarar hafa tengslanet og geta aðstoðað við frekara nám erlendis, m.a. til að stuðla að margbreytileika.

Af sérnámslæknum sem komu til viðtals er einn í sérnámi í lyflækningum og fylgir eldri reglugerðinni, meðan hin tvö eru í lyflæknisnámi samkvæmt nýju reglugerðinni. Eru þau öll með bæði klínískan og akademískan handleiðara í sínu sérnámi. Þau voru sammála um að þeir væru aðgengilegir, hefðu tíma fyrir sérnámslækna og færu yfir rafræna logbók í lyflæknisfræðiprógramminu. Þau eru að læra nýja hluti á öldrunarlækningadeildunum, s.s. í göngudeildarþjónustu sem hluta af deildarstarfinu, í heildrænni og lausnamiðaðri nálgun, í endurhæfingu aldraðra og hvernig hlustað væri á aðstandendur. Teymisfundir væru vikulega og flettifundir kæmu í stað formlegs stofugangs. Teymisvinna og að læra á samvinnu við aðrar fagstéttir væri áberandi í sérnáminu. Það er virkt 360°mat, a.m.k. hvað varðar sérnámslækna úr heimilislækningum.

Föstudagsgreinafundirnir stæðust, miðvikudagsfundirnir stæðust oftast, nema þegar læknanemavikan væri, og að mánudagsfundirnir stæðust oftast nema ef um veikindi væri að ræða. Áhersla er að mati sérnámslækna á kennslu, fagleg mál og akademísk vinnubrögð.

Nægt úrval er af rannsóknarverkefnum og góð innsýn fæst í öldrunarlækningar, - sömuleiðis varðandi samvinnu fagstétta og mikilvægi hennar. Sérfræðilæknarnir og aðrar fagstéttir á spítalanum eru tilbúnir að leiðbeina, alltaf tilbúnir til að svara og fræða. Þau töldu bæði álag og kröfur til þeirra sem sérnámslækna vera hæfilegt, viðmót sé gott og góður stuðningur við þau. Þau geta hugsað sér öldrunarlækningar sem sérsvið m.t.t. reynslu af starfi á deildinni.

Innan Félags íslenskra öldrunarlækninga eru um 20 til 25 félagsmenn, en þátttaka í félaginu einskorðast ekki við öldrunarlækna heldur við áhuga, þ.m.t. úr öðrum sérgreinum læknisfræði. Þar er einhugur um að koma á og styðja við sérnámið.

Almenn atriði:

Viðmælendur komu vel undirbúin til formlega fundarins. Metnaður fyrir hönd öldrunarlækninga og hagur sérnámslækna er settur í forgang. Almennt er um að ræða stórt svið með mikla breidd í þjónustu, -meira en víða erlendis. Vaxandi áhersal er á göngudeildarstarfsemi og um 10 samráðsbeiðnir á dag hvað varðar bráðaöldrunarlækningar frá LSH-Fossvogi.

Atriði sem notuð eru í mati á sérnámsstað (svarið með já/nei eða með athugasemdum. Nefndin sjálf setur matið á skala frá 1-6 þar sem 1= í mjög litlum mæli, 2=litlum mæli, 3= í nokkrum en þó minni mæli, 4= í nokkrum en þó meiri mæli, 5= í miklum mæli, 6= í mjög miklum mæli, eða 0= á ekki við):

1. Í upphafi náms var gerður skriflegur námssamningur með tilvísan í marklýsingu og megin markmið sérnámstilboðsins.

Til staðar: 3 Ekki til staðar:

Athugasemdir: Mun verða gert þegar sérnám hefst.

2. Kynning fór fram á starfssviði sérnámslæknisins m.t.t. mismunandi þátta og tímabila í sérnáminu, þ.m.t. inntaks námsins á upphafsári þess.

Til staðar: 3 Ekki til staðar:

Athugasemdir: Mun verða gert þegar sérnám hefst.

3. Námsleiðbeinandi/lærimeistari/handleiðlari/mentor) var skipaður og aðgengilegur, m.a. á reglubundnum samræðufundum um námsframvindu.

Til staðar: 6 Ekki til staðar:

4. Leiðbeinendur (educational/clinical supervisors) hafa lokið viðeigandi námskeiði.

Til staðar: 6 Ekki til staðar:

5. Námslæknir taldi eftirlit og áhuga leiðbeinenda fullnægjandi og að hann/hún hefði haft tækifæri til að ná þeirri hæfni/færni sem vænst var á viðkomandi námsstigi.

Til staðar: 6 Ekki til staðar:

Athugasemdir: Mun verða gert með formlegum hætti þegar sérnám hefst en er í reynd til staðar gegnum handleiðarakerfið og sérnámsprógramm lyflækninga.

6. Endurgjöf var veitt þar sem og þegar við átti, þ.m.t. með ráðleggingum um námsframvindu.

Til staðar: 6 Ekki til staðar:

Athugasemdir: Nú þegar gert varðandi sérnámslækna (lyf- og heimilislækningar).

7. Ráðgjöf/kennsla var veitt um samskipti við aðrar sérgreinar læknisfræðinnar og hliðstæðar heilbrigðisvísindagreinar, og við samstarfsfólk í mismunandi störfum á vinnustaðnum.

Til staðar: 5 Ekki til staðar:

Athugasemdir: Ekki enn formgert, en að mestu til staðar.

8. Ráðgjöf var veitt í samskiptum við yfirmenn og stjórnendur, og einnig opinbera aðila og stjórnvöld ef við átti.

Til staðar: 4 Ekki til staðar:

Athugasemdir: Ekki formleg tilsögn. Gert ef tilefni er til.

9. Leiðbeiningar voru veittar um leiðtogahlutverk og það að taka að sér forystu í verkefnum, bæði í daglegum störfum, kennslu og rannsóknastörfum.

Til staðar: 4 Ekki til staðar:

Athugasemdir: Ekki enn formgert, sérnám ekki hafið.

10. Áhersla var á fagmennsku og að námslæknir tileinki sér góða fagþekkingu, bæði grunnþekkingu og sérhæfðari atriði sérgreinarinnar.

Til staðar: 6 Ekki til staðar:

Athugasemdir:

11. Námsþækifæri í daglegum störfum voru nýtt.

Til staðar: 6 Ekki til staðar:

Athugasemdir:

12. Vinnuskipulag var gott og stuðlaði að því að ná markmiðum marklýsingar með hliðsjón af hæfni og þekkingarkröfum.

Til staðar: 5 Ekki til staðar:

Athugasemdir: Nám í undir- eða viðbótarsérgrein ekki hafið.

13. Tími gafst í daglegri vinnutilhögun til að eiga samtöl við kennslustjóra og umsjónarlækni/leiðbeinanda, og vinnufyrirkomulagið stuðlaði að þekkingaröflun, bæði bóklega, með því að geta sótt fræðslufundi og svipuð námsþækifæri á deild/stofnun og í þátttöku í klínískum verkefnum til að víkka þekkingar- og reynslugrundvöll.

Til staðar: 6 Ekki til staðar:

Athugasemdir:

14. Eru reglubundnir fræðslu- og námsfundir á vinnustað þar sem viðvera er nauðsynleg?

Til staðar: 6 Ekki til staðar:

Athugasemdir:

15. Tækifæri til að sækja samningbundin námskeið og nýta námsleyfi voru veitt.

Til staðar: 6 Ekki til staðar:

Athugasemdir:

16. Tækifæri voru veitt til að taka þátt í kennslu nemenda og prófum.

Til staðar: 5 Ekki til staðar:

Athugasemdir: Nám í undir- eða viðbótarsérgrein ekki hafið.

17. Loggbók/sérnámsmappa/ePortfolio eða sambærileg gögn voru yfirfarin af leiðbeinendum.

Til staðar: 6 Ekki til staðar:

Athugasemdir:

18. Leiðbeinendur, sérfræðingar og yfirmenn hafa verið aðgengilegir þegar á þurfti að halda.

Til staðar: 6 Ekki til staðar:

Athugasemdir:

19. Námslæknir fékk tækifæri til þátttöku í gæða- eða rannsóknarverkefni og lærði meginatriði slíks starfs eins og við átti varðandi sérgreinina.

Til staðar: 3 Ekki til staðar:

Athugasemdir: Nám í undir- eða viðbótarsérgrein ekki hafið.

20. Á námsstað er áhersla á gagnkvæma persónulega virðingu og sanngirni í samskiptum, teymisvinna gengur vel og tækifæri hafa verið veitt í því sambandi.

Til staðar: 6 Ekki til staðar:

Athugasemdir:

21. Heildarmat námslæknis á vinnu- og námsstaðnum var fullnægjandi.

Til staðar: 6 Ekki til staðar:

Athugasemdir:

22. Heildarmat kennslustjóra og leiðbeinenda á námslækninum var fullnægjandi.

Til staðar: 6 Ekki til staðar:

Athugasemdir:

Heildareinkunn:115/132 stig

Endurmat fer fram:

Við ≥ 115 stig eftir 2 ár, við ≥ 85 stig eftir 1 ár, við ≥ 75 stig eftir 6 -8 mánuði. Stig ≤ 74 eru ekki fullnægjandi og úrbætur (með nýju mati ef við á) þarf til viðurkenningar námsstaðar.

Styrkleikar á námsstað: Námsstaðurinn er öldrunarlækningadeild á háskólasjúkrahúsi sem hvað varðar umfang starfseminnar og fjölbreytni tilvika sem sérnámslæknar sjá, er með besta móti. Kennsla er vel skipulögð og styðst við marklýsingu frá breskum samtökum sérfræðilækna í greininni, þ.e.a.s. Royal College of Physicians (RCP). Marklýsingin er nú þegar viðurkennd og staðfærð, en uppfærsla á breska textanum frá RCP er væntanleg. Námið er tveggja ára ferli og telst undirsérgreinanám fyrir lækna sem hafa sérfræðiréttindi í lyflækningum, eða viðbótarsérnáam (skv. XIX. kafla reglugerðar 467/20215) fyrir lækna með sérfræðiréttindi í heimilislækningum. Líklegt er að sérnámslækningum verði vel sinnt af ekki einasta sérfræðilæknum deildarinnar og eftir atvikum á samsvarandi deild á Sjúkrahúsinu á Akureyri, heldur einnig öðru sérhæfðu starfsfólki á deildinni og hjá Rannsóknastofu í öldrunarfræðum þar sem umfangsmikið rannsóknastarf er rekið. Kennslustjóri hefur ritaraaðstoð. Flestir sérfræðilæknar öldrunarlækningadeildar hafa farið á námskeið um sérnámskennslu.

Veikleikar námsstaðar: Vinnuálag getur haft áhrif á fræðilegan hluta sérnámsins, en einnig tíma og tækifæri til að gera gæðaverkefni og/eða taka þátt í rannsóknarvinnu.

Marklýsing er að uppruna frá 2010, en er væntanlega í endurskoðun af hálfu RCP og verður þá uppfærð á Íslandi. Áfangaskipti mætti skýra og afmarka betur, m.a. með tilliti hvernig sérnámslæknar eru metnir. Skýra þarf hvaða námshluta megi taka á Sjúkrahúsinu á Akureyri. Tengingu við sumar aðrar sérgreinar þarf að efla. Kennsluráð þarf að verða formlegra og virkja það sem bakhjarl kennslustjóra. Sérfræðilæknar þurfa að hafa farið á kennslunámskeið (e. train the trainers), enda þarf fjöldi sérnámslækna að taka mið af fjölda sérfræðilækna sem hafa lært um sérnámskennslu.

Heildarniðurstaða mats: Sérnámið er vel skipulagt og virðist vera í góðum farvegi, borið uppi af áhuga bæði sérnámslækna og kennara þeirra meðal sérfræðilækna deildarinnar. Endurskoðun í samræmi við stigagjöf mundi fara fram vorið 2022.

Reykjavík 17.2.2020, f.h. mats- og hæfisnefndar og f.h. námsstaðar

Reynir Tómas Geirsson

Magnús Karl Magnússon

Pálmi V. Jónsson

Anna Björg Jónsdóttir